



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 31. október 2023

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.)**

Vísað er til erindis Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, frá 10. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.), 240. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum í því skyni að samræma löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021.

Umboðsmaður barna veitti umsögn um frumvarpið þegar það var lagt fyrir á 153. löggjafarþingi. Frumvarpið náði þá ekki fram að ganga og er hér lagt fram að nýju, óbreytt. Vísast í meginatriðum til fyrri umsagnar umboðsmanns um frumvarpið, þó með eftirfarandi viðbótum.

Með 19. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. og 7. málsl. 1. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Í athugasemdum við 19. gr. breytingarlaganna kemur fram að þær breytingar miði að því að tryggja betra samræmi 1. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla við 12. gr. Barnasáttmálans. Umboðsmaður fagnar framangreindri breytingu en bendir jafnframt á hvort ástæða sé til að skoða ákvæði 33. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, til samræmingar.

Líkt og kom fram í fyrri umsögn umboðsmanns fagnar umboðsmaður því sérstaklega að með frumvarpinu sé gert ráð fyrir aukinni þátttöku barna. Þó telur umboðsmaður rétt að áréttá að nauðsynlegt er að þau tækifæri til þátttöku sem mælt er fyrir um í frumvarpinu séu raunveruleg. Í því skyni þarf að gæta að því að þátttöku barna verði hagað í samræmi við aldur og þroska viðkomandi barna og framkvæmdin verði eins á landinu öllu, þannig að börn hafi jöfn tækifæri til þátttöku, í samræmi við 2. gr. Barnasáttmálans.

Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar umboðsmanns barna.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna